



Framhaldsnám í mannfræði er í boði fyrir nemendur sem hafa grunn í mannfræði og nemendur sem vilja bæta mannfræði við fyrri nám. Ef nemandi hefur ekki grunn í mannfræði er gerð forkrafa um a.m.k. 30 einingar í mannfræði.

Til viðbótar hefðbundnu framhaldsnámi í mannfræði býður námsbrautin einnig upp á tvær námsleiðir: Þróunarfræði og Hnattræn tengsl. Í þessum námsleiðum er ekki gerð forkrafa um nám í mannfræði.

Í framhaldsnáminu fá nemendur þjálfun í ólíkum rannsóknaraðferðum og hafa svigrúm til að velja sér rannsóknarefni í samræmi við áhugasvið sín.

---

## MA í mannfræði (120e)

---

Þeir sem taka MA-próf í mannfræði bæta við sig tveimur árum í sjálfstæðu fræðilegu rannsóknarnámi. Það felst annars vegar í viðamikilli ritgerð (30 eða 60e) og hins vegar í námskeiðum á völdum sviðum rannsóknaraðferða og kenninga.

Inntökuskilyrði er BA-próf með a.m.k. 30 einingar í mannfræði og fyrstu einkunn.

Nemendur geta lagt áherslu á sérstök svið í samræmi við áhugasvið. Boðið er upp á einstaklingsmiðað rannsóknarnám í líffræðilegri mannfræði og er MA-verkefnið að jafnaði 80 einingar.

---

## MA í þróunarfræðum (120e)

---

Meistaránám í þróunarfræðum er ætlað að veita nemendum fræðilega og hagnýta þekkingu til að takast á við viðfangsefni á sviði þróunarmála, auk þess að undirbúa þá undir rannsóknarvinnu og kennslu.

Námið, sem er þverfræðilegt, er kennt á vegum námsbrautar í mannfræði. Inntökuskilyrði er að hafa lokið háskólaprófi með fyrstu einkunn.

MA nemendur geta valið milli 60 eininga verkefni sem byggir á sjálfstæðri rannsókn eða 30 eininga verkefni sem byggir á hagnýtu verkefni. Við upphaf náms þarf nemandinn að hafa hugmynd að viðfangsefni fyrir MA verkefni þannig að val námskeiða á fyrsta misseri nýtist sem best. Dæmi um viðfangsefni sem nemendur hafa unnið að eru þátttaka barna í Gana, alnæmi í Malaví, saga UNIFEM á Íslandi, kosningar að afloknum stríðsátökum í Gíneu-Bissá, menntun stúlkna í Úganda, staðgöngumæðrun í Indlandi og friðaruppbygging í Kosovo. Störf að loknu námi geta t.d. verið hjá þróunarstofnunum, frjálsum félagasamtökum og alþjóðlegum stofnunum, t.d. Sameinuðu þjóðunum.

---

## Diplómanám í þróunarfræði (30e)

---

Kynntar eru stofnanir sem vinna að þróunarmálum, helstu nálganir, framkvæmd þeirra og árangur, sem og kenningar á fræðasviðinu. Nemendur sem hafa lokið náminu geta fengið nám sitt vottað sem diplómanám í Þróunarfræðum. Diplómanámið skírskotar til breiðs hóps og gagnast þeim sem fást m.a. við verkefni sem tengjast þróunarmálum hvort sem það er á sviði félagsvísinda, hugvísinda, menntavísinda, raunvísinda, eða heilbrigðisvísinda. Inntökuskilyrði er BA/BS próf frá Háskóla Íslands eða sambærilegt próf. Diplómanám fæst að fullu metið hjá þeim nemendum sem samþykktir eru inn í MA-nám í þróunarfræðum.

---

## MA í hnattrænum tengslum (120e)

---

Hnattræn tengsl er nám sem ætlað er að veita nemendum fræðilega og hagnýta þekkingu til að skilja hnattræn ferli. Fjallað er um samfélagsbreytingar auk þess að undirbúa nemendur fyrir rannsóknarvinnu. Námið tekur mið af fræðilegri umræðu á alþjóðavísu en felur einnig í sér tilvísun í íslenskt samfélag. MA nemar geta valið um að ljúka náminu með 60 eininga ritgerð sem byggir á sjálfstæðri rannsókn eða úttekt auk fræðilegs hluta eða 30 eininga ritgerð sem byggir á hagnýtu verkefni. Við upphaf náms þarf nemandinn að hafa hugmynd að viðfangsefni fyrir MA verkefni þannig að val námskeiða á fyrsta misseri nýtist sem best. Námið getur nýst fólki sem hyggur á störf á alþjóðavettvangi eða innanlands á ólíkum sviðum.

Viðfangsefni lokaritgerða geta verið margvísleg eins og til dæmis fólksflutningar milli fátækra og ríkra landa, staða flóttafólks í staðbundnu samhengi, stefna ríkisstjórna í innflytjendamálum, nýfrjálshyggja og fólksflutningar eða hnattrænt hagkerfi út frá kyni og kynþáttahyggju.

---

## Diplómanám í hnattrænum tengslum (30e)

---

Kynntar eru helstu aðferðir, viðfangsefni og kenningar á fræðasviðinu. Áhersla er lögð á mannfræðilega sýn og þvermenningarlegan samanburð. Nemendur sem hafa lokið náminu geta fengið nám sitt vottað sem diplómanám í Hnattrænum tengslum. Diplómanámið skírskotar til breiðs hóps og gagnast þeim sem fást m.a. við verkefni sem tengjast hnattrænu samfélagi, fólksflutningum eða fjölmenningu hvort sem það er á sviði félagsvísinda, hugvísinda, heilbrigðisvísinda eða kennslufræði. Inntökuskilyrði er BA/BS próf frá Háskóla Íslands eða sambærilegt próf. Diplómanám fæst að fullu metið hjá þeim nemendum sem samþykktir eru inn í MA-nám í hnattrænum tengslum.



Aftari röð frá vinstri: Unnur Dís Skaptadóttir, Sveinn Eggertsson, Gísli Pálsson, Agnar Helgason.  
Fremri röð frá vinstri: Kristín Loftsdóttir, Helga Björnsdóttir, Jónína Einarsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Halla María Halldórsdóttir, verkefnisstjóri námsbrautar.

---

### MA nám með áherslu á efnismenningu (120e)

---

Mannfræði, þjóðfræði, fornleifafræði, safnafræði og ferðamálafræði standa saman að kjörsviði fyrir meistaranema sína þar sem sérstök áhersla er lögð á efnismenningu. Meistaraneinar í mannfræði sem velja þetta kjörsvið munu meðal annars kynna umfjöllun í mannfræði um listir, sjónræna menningu og skynjun en að auki er lögð áhersla á að þeir kynni umfjöllun um efnismenningu í þeim greinum öðrum sem að kjörsviðinu standa.

---

### MA nám með áherslu á margbreytileika (120e)

---

Í náminu öðlast nemendur fræðilega þekkingu á fjölmenningu og tengdum viðfangsefnum svo sem fólksflutningum, þjóðerni, kynþáttahyggju, aðlögun og samþættingu. Markmið námsins er að kenna nemendum undirstöðuatriði í rannsóknavinnu, sem gagnast við störf að rannsóknum, í frekara námi og í hagnýtum störfum.

---

### Doktorsnám í mannfræði og þróunarfræðum

---

Doktorsritgerð er metin til 180 eininga. Gera má kröfu um að nemandi í doktorsnámi taki að auki allt að 60 eininga bóknámshluta, sé talin þörf á að viðkomandi bæti undirstöðuþekkingu sína á fræðasviði ritgerðarinnar. Að öllu jöfnu er gert ráð fyrir að nemandinn stundi hluta námsins við erlendan háskóla.

---

### MANNFRÆÐI Í FJARNÁMI

---

Unnt er að taka öll námskeið í grunnnámi og sum námskeið í framhaldsnámi í mannfræði í fjarnámi. Fjarnámið hentar vel nemendum sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins eða eiga af öðrum sökum óhægt um vik að sækja tíma. Fyrirlestrar eru teknir upp og eru aðgengilegir á lokuðu vefsvæði þar sem fjarnemar geta sótt þá tímabundið. Æskilegt er að nemendur í framhaldsnámi séu staðnemar og verða umsækjendur um framhaldsnám að sækja sérstaklega um að vera fjarnemar ef þeir óska þess.

## Fastráðnir kennarar í mannfræði

Agnar Sturla Helgason, rannsóknarprófessor, [agnarh@hi.is](mailto:agnarh@hi.is)

Gísli Pálsson, prófessor, [gpals@hi.is](mailto:gpals@hi.is)

Jónína Einarsdóttir, prófessor, [je@hi.is](mailto:je@hi.is)

Kristín Loftsdóttir, prófessor, [kristinl@hi.is](mailto:kristinl@hi.is)

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, prófessor, [sduna@hi.is](mailto:sduna@hi.is)

Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor, [unnurd@hi.is](mailto:unnurd@hi.is)

Sveinn Eggertsson, dósent, [sveinne@hi.is](mailto:sveinne@hi.is)

Helga Björnsdóttir, aðjúnkt, [helgabj@hi.is](mailto:helgabj@hi.is)

---

Skrifstofa Félags- og mannvísindaeildar · Gimli v/Sæmundargötu · 101 Reykjavík · sími: 525 5444 · fom@hi.is      [www.felagsogmannvis.hi.is](http://www.felagsogmannvis.hi.is)

---



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD